

## ÚRSKURÐUR ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

---

### MÁL NR. 11/2013

Kærur Cafe Kringlan ehf. og Blátt ehf. á ákvörðunum Neytendastofu 3. desember 2013 [nr. 28/2013](#) og [31/2013](#).

1. Þann 28. ágúst 2014 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 11/2013: Kæra Cafe Kringlan ehf. á ákvörðun Neytendastofu nr. 31/2013 frá 3. desember 2013 og kæra Blátt ehf. á ákvörðun Neytendastofu nr. 28/2013 sama dag. Í málinu úrskurða Hildur Dungal, Egill Heiðar Gíslason og Halldóra Þorsteinsdóttir.
2. Með sameiginlegri kæru, dags. 19. desember 2013, hafa kærendur kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvarðanir Neytendastofu nr. 28/2013 og 31/2013 frá 3. desember 2013. Í ákvörðunum var komist að þeirri niðurstöðu að kærendur hefðu brotið gegn 17. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005, sem og 5. mgr. 4. gr. reglna um verðupplýsingar við sölu á þjónustu nr. 537/2011, með því að tilgreina ekki magnstærðir drykkja í verðupplýsingum um drykkjarföng.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda nr. 62/2005, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005.

### MÁLAVEXTIR

4. Dagana 15. - 29. júlí 2013 kannaði starfsmaður Neytendastofu hvort ástand verðmerkinga á veitingahúsum á höfuðborgarsvæðinu væri í samræmi við ákvæði laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005. Fór starfsmaðurinn í þessu augnamiði m.a. á veitingahús kærenda, Cafe Klassík og Cafe Bleu. Í skjali, sem starfsmaðurinn fyllti út við báðar athuganirnar og starfsmenn kærenda skrifuðu undir fyrir hönd veitingastaðanna, kemur fram að matseðill hafi verið við inngöngudyr veitingastaðanna en ekki hafi verið tilgreint magn drykkja í upplýsingum um drykkjarföng þeirra. Þá skildi starfsmaðurinn eftir annað skjal þar sem meðal annars er að finna upplýsingar um helstu reglur sem snerta verðmerkingar, auk þess sem tekið er fram að telji Neytendastofa ástæðu til að gera athugasemdir við ástand verðmerkinga muni stofnunin senda bréf þess efnis. Þar er einnig bent á að brot á lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 og reglum settum samkvæmt þeim geti leitt til sekta samkvæmt IX. kafla laganna.
5. Neytendastofa sendi kærendum báðum bréf í kjölfar skoðunarinnar, dags. 2. ágúst 2013. Í þeim kemur fram að dagana 15. – 29. júlí síðastliðinn hafi starfsmaður Neytendastofu

heimsótt veitingastaði kæranda og hafi könnunin leitt í ljós að ekki væri tilgreint magn í upplýsingum um drykkjarföng á matseðli veitingastaðanna. Í bréfinu er efni 17. gr. laga nr. 57/2005 ásamt 5. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011 og rakið, þar sem m.a. kemur fram að veitingastaðir skuli í verðupplýsingum um drykkjarföng jafnframt tilgreina magnstærðir, og þeim eindregnu tilmælum beint til kæranda að koma verðmerkingum á veitingastöðum sínum í viðunandi horf. Neytendastofa muni fylgja könnuninni eftir með nýrri könnun og kærandi megi búast við því að tekin verði ákvörðun um sektir skv. IX. kafla laga nr. 57/2005 verði ekki farið að tilmælum stofnunarinnar.

6. Starfsmaður Neytendastofu fór aftur á veitingastaðinn Cafe Bleu 26. september 2013 og veitingastaðinn Cafe Klassík 30. sama mánaðar. Í skjali sem hann fyllti út við báðar athuganirnar kom fram að matseðlar væru við inngöngudyr en magnupplýsingar fylgdu hins vegar ekki með verðskrá drykkjarfanga.
7. Með bréfum Neytendastofu til kæranda, dags. 10. október 2013, var vísað til fyrrgreindra heimsókna starfsmanns Neytendastofu og því lýst að skort hefði á að tilgreint væri magn í upplýsingum um drykkjarföng veitingastaðanna. Var kærendum boðið að koma að athugasemdum sínum eða skýringum innan tíu daga áður en tekin yrði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005. Svar barst með tölvubréfi kæranda, dags. 23. október 2013. Þar kemur fram að nýr matseðill á Cafe Bleu sé í prentun þar sem magnupplýsingum verði bætt við. Þá sé búið að breyta verðlistanum á Cafe Klassík og þar komi nú fram magn drykkja.

### **ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU**

8. Hinn 3. desember 2013 tók Neytendastofa hinar kærðu ákvarðanir nr. 28/2013 og 31/2013. Í þeim var sem fyrr greinir komist að þeirri niðurstöðu að kærendur hefðu brotið gegn 17. gr. laga nr. 57/2005 og 5. mgr. 4. gr. reglna um verðupplýsingar við sölu á þjónustu nr. 537/2011 og stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 50.000 lögð á kærendur með vísan til b- og c-liðar 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005.
9. Í niðurstöðuköflum ákvarðananna, sem eru samhljóða, er fyrst tekið fram að kærendur hafi ekki sinnt fyrirmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum í viðunandi horf innan tilskilins tíma. Þá er efni 17. gr. laga nr. 57/2005, svo og 5. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011, rakið og tekið fram að kærendum beri að tilgreina magnstærðir drykkjarfanga í verðupplýsingum. Með því að tilgreina ekki magnstærð drykkjarfanga í verðupplýsingum sínum hafi kærendur brotið gegn áðurgreindum ákvæðum. Kærendur hafi ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar um að koma verðmerkingum sínum í viðunandi horf innan tilskilins frests og því þyki stofnuninni nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimili. Í ákvörðuninni er að síðustu vikið að efni 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 um beitingu stjórnvaldssekta og stjórnvaldssekt lögð á báða kærendur að fjárhæð 50.000 kr.

## RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

10. Með sameinaðri kæru kæranda, dags. 29. desember 2013, er tekið fram að starfsmaður Neytendastofu hafi komið á veitingastaði kæranda í júlí 2013 til þess að skoða matseðla. Hafi starfsmaðurinn beðið starfsmenn kæranda um að staðfesta komu sína. Við nánari eftirgrennslan hafi komið í ljós að engin önnur veitingahús á sömu hæð í Kringlunni hafi fengið slíka heimsókn eða verið beðin um að staðfesta komu starfsmannsins. Kærendur hafi því ekki gert neitt frekar þar sem þeir hafi talið þetta vera eitthvert grín. Við veitingastaði kæranda hafi ávallt hangið matseðlar með nákvæmum upplýsingum um verð. Verð drykkja hafi einnig verið tilgreint en magn bjórs sem litlum eða stórum bjór. Sama megi segja um gosdrykki. Verð á léttvínnum hafi verið tilgreint í glösum. Hafi þetta af hálfu kæranda verið talið fullnægjandi enda verið framkvæmt þannig víðast hvar. Aldrei hafi viðskiptavinir kæranda talið að þeir hafi verið hlunfarnir í magni þess sem þeir kaupi.
11. Með móttöku bréfs Neytendastofu, dags. 10. september 2013, hafi hins vegar komið í ljós að ekki væri um grín að ræða. Tilgreina skuli nákvæmilega í centilítrum hve mikið sé í hverju glasi og að hvítvínsglös skuli vera með striki. Þannig glös hafi kærendur ekki fundið. Gefinn hafi verið tíu daga frestur til að útbúa nýja matseðla með centilítraupplýsingum og hafi kærendur drifið í því. Með bréfi kæranda til Neytendastofu, dags. 23. október 2013, hafi stofnuninni verið tjáð að á matseðli Kaffi Klassík væri nú tilgreint magn á drykkjum og að nýr matseðill Cafe Bleu væri enn í prentun. Þar sem matseðill Cafe Bleu hafi verið 60 x 80 cm stór hafi verið talið eðlilegt að hanna hann upp á nýtt og láta prenta að nýju. Það taki sinn tíma. Þrátt fyrir þetta hafi verið ákveðið að senda kærubréf 3. desember 2013, þ.e. tæplega einum og hálfum mánuði eftir að leiðréttir seðlar voru komnir upp.
12. Ástæða þess að kærendur hafi ákveðið að kæra álagningu stjórnvaldssektarinnar sé framkvæmd málsins af hálfu stofnunarinnar. Í nóvember 2013 hafi verið sagt frá upplýsingum Neytendastofu um könnun verðmerkinga á veitingahúsum. Þessar upplýsingar hafi verið birtar á netföngunum freisting.is og veitingageirinn.is ásamt vef Neytendastofu. Svo sem sjá megi á vefsíðunum segi orðrétt: „Í júlí s.l. könnuðu fulltrúar Neytendastofu hvort verðmerkingar á veitingastöðum á höfuðborgarsvæðinu væru í samræmi við lög og reglur um verðmerkingar.“ Ekki sé hægt að skilja þessa setningu öðruvísi en svo að könnun hafi verið gerð hjá öllum veitingahúsum á umræddu svæði. Síðan séu taldir upp þeir veitingastaðir sem hundsáð hafi tilmæli Neytendastofu um leiðréttingar. Þetta hafi verið birt mánuði eftir að Cafe Bleu og Kaffi Klassík höfðu breytt seðlum sínum. Á þessum netsíðum hafi þessi veitingahús verið nefnd ásamt sjö öðrum og beri að skilja það svo að rekstraraðilar umræddra fyrirtækja séu haldnir einbeittum brotavilja og vilji blekkja viðskiptavinum sína, en aðrir sambærilegir veitingastaðir á höfuðborgarsvæðinu séu reknir af heiðarlegu fólki.
13. Nú viti allir sem títt sæki Kringluna að veitingastaðir kæranda, Cafe Bleu og Kaffi Klassík, séu í Kringlunni. Enginn heilvita maður sem lesi þessar ávirðingar láti sér detta í hug að þetta séu einu staðirnir sem hafi verið kannaðir í Kringlunni. Það séu jú margir slíkir staðir í

Kringlunni og meira að segja á sömu hæð með eingöngu nokkurra metra millibili. Neytendastofa frí þar með alla samkeppnisaðila í þessu sama húsi við öll brot á verðmerkingum. Enginn hafi það hugmyndaflug að láta sér detta í hug að könnunaraðili á vegum Neytendastofu skoði bara þessi tvö fyrirtæki í Kringlunni. Kærendur hafi sjálf gerð athugun á þessum stöðum. Á matseðli Kringlukurárinna, sem sé á sömu hæð og veitingastaðir kæranda, sé ekki minnst einu orði á að þar sé seldur bjór, vín eða gosdrykkir. Sama megi segja um matseðil Portsins. Báðir staðirnir bjóði þó sannarlega upp á þessar veitingar. Í húsinu sé ennfremur veitingastaðurinn Hraðlestin Indian Street Food og þar sé enginn matseðill uppi við, hvorki við inngang eða inni á veggjum. Það verði að spyrja um verð á öllu sem þar sé til sölu. Ekki ætli kærendur að þetta sé gert af illum hvötum þessara rekstraraðila. Það komi þó í ljós að einu veitingahúsin sem fái sektir í Kringlunni séu þau sem hafi látið þess getið á matseðli að til sölu sé bjór, vín og gosdrykkir. Það veki líka upp ýmsar spurningar hvers vegna þau tvö fyrirtæki, sem könnuð hafi verið, séu í rekstri sömu aðila. Það sé einkennileg tilviljun.

14. Sekt að fjárhæð 50.000 á hvorn kæranda muni ekki ríða félögunum að fullu. Kærendur óski þó eftir því að þær verði felldar niður. Það sé sanngirnismál þar sem samkeppnisaðilum kæranda í sama húsi sé ekki gert að breyta matseðlunum á sama hátt. Lögmaður kæranda hafi tjáð kærendum að Neytendastofa hafi með háttsemi sinni brotið jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnisýslulaga nr. 37/1993, sbr. 11. og 12. gr. laganna. Það sé augljóst að ekki sé gætt jafnræðis gagnvart fyrirtækjum í sambærilegum rekstri, í sama húsi og jafnvel á sömu hæð. Tveimur veitingahúsum sé gert að gera hluti sem öðrum sé sleppt við.
15. Með bréfi, dags. 12. febrúar 2014, óskaði áfrýjunarnefnd neytendamála eftir umsögn Neytendastofu um kærana. Neytendastofa svaraði með greinargerð, dags. 26. febrúar 2014, þar sem þess er krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar. Þar er fyrst vísað til þeirra athugasemda kæranda að starfsmaður Neytendastofu hafi ekki framkvæmt athugun á öðrum veitingahúsum í Kringlunni en kæranda. Neytendastofa vilji benda á að eftirlitsmaður stofnunarinnar framvísi skilríki hennar við komu í fyrirtæki. Það hafi verið gert við komu á veitingastaði kæranda. Starfsmaður hafi skilið eftir bréf við komuna, fengið undirskriftir starfsmanna veitingahúsanna eftir skoðunina og sent þeim bréf í kjölfarið þar sem þeim fyrirmælum var beint til fyrirtækjanna að koma verðmerkingum sínum í lag innan tilskilins tíma. Starfsmenn Neytendastofu hafi skoðað verðmerkingar á veitingahúsum á höfuðborgarsvæðinu og hafi fleiri veitingahús verið skoðuð í Kringlunni. Rétt sé þó að taka fram að skyndibitastaðir hafi ekki verið skoðaðir að þessu sinni. Neytendastofu hafi engar athugasemdir eða skýringar borist frá kærendum í kjölfar fyrri skoðunarinnar, þrátt fyrir að kærendum hafi átt að vera fullljóst að um lögbundið eftirlit starfsmanna stofnunarinnar væri að ræða.
16. Neytendastofa bendi á að í bréfi stofnunarinnar til kæranda, dags. 2. ágúst 2013, hafi þeim fyrirmælum verið beint að kærendum að koma verðmerkingum í viðunandi horf. Jafnframt

hafi komið fram að Neytendastofa muni fylgja könnuninni eftir með nýrri könnun og að kærendur megi búast við að tekin yrði ákvörðun um sektir verði ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar. Gerð hafi verið önnur könnun 26. og 30. september 2013, þar sem í ljós hafi komið að ekki hafi verið farið að fyrirmælum stofnunarinnar líkt og fram komi í kæru kæranda. Því hafi kærendum, í kjölfar síðari skoðunar Neytendastofu, verið sent annað bréf þar sem þeim hafi verið gefinn kostur á að koma fram skýringum eða athugasemdum innan tíu daga. Frestur til úrbóta hafi einnig verið veittur í fyrri bréfum stofnunarinnar, dags. 2 ágúst 2013. Fyrir liggja að verðmerkingum kæranda hafi verið ábótavant í báðum skoðunum Neytendastofu þrátt fyrir fyrirmæli um að koma verðmerkingum í viðunandi horf. Því hafi fyrirtækin verið sektuð fyrir að fara ekki að fyrirmælum stofnunarinnar innan tilsettra tímamarka.

17. Kærendur taki fram að aðalástæða kærunnar sé framkvæmd málsins og bendi í því sambandi á frétt á heimasíðu Neytendastofu í nóvember 2013 sem ekki verði skilin öðruvísi en svo að könnunin hafi verið gerð hjá öllum veitingahúsum í Kringlunni. Neytendastofa vísi þessum röksemdum kæranda á bug. Þann 19. Nóvember 2013 hafi Neytendastofa birt frétt á heimasíðu sinni um seinni eftirlitsferð Neytendastofu á veitingahús og hafi þau fyrirtæki verið tilgreind sem voru með verðmerkingar í ólagi þegar skoðunin var gerð. Gerðar hafi verið athugasemdir við umrædd veitingahús í síðari skoðun stofnunarinnar og fréttin því réttlæt看leg enda óumdeilt að magnstærðir drykkjarfanga hafi vantað í báðum skoðunum.
18. Neytendastofa ítreki að allir veitingastaðir í Kringlunni hafi verið skoðaðir á sama tíma og veitingastaðir kæranda. Vangaveltur kæranda um annað séu rangar. Verði því að hafna þeirri kröfu kæranda að sektir Neytendastofu verði felldar niður á grundvelli sanngirnis- og jafnræðissjónarmiða þar sem samkeppnisaðilum kæranda í sama húsi hafi ekki verið gert að breyta matseðlum sínum. Stofnunin hafi kannað 122 veitingahús á höfuðborgarsvæðinu og fleiri staði í Kringlunni en veitingahús kæranda. Stofnunin hafi því ekki brotið gegn jafnræðisreglu stjórnslulaga.
19. Stofnunin hafi kannað verðmerkingar í fyrirtækjum kæranda, skilið eftir bréf þar sem fram komu upplýsingar um gildandi lög og reglur, sent bréf í kjölfar skoðananna þar sem fram hafi komið krafa um að kærendur lagfærðu upplýsingar sínar um magnstærðir drykkjarfanga og að Neytendastofa muni framkvæma aðra skoðun. Bréfunum hafi verið fylgt eftir með annarri skoðun og hafi niðurstaða hennar verið sú að kærendur hafi ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar þrátt fyrir að u.þ.b. þrjú mánuðir hafi liðið á milli kannanna stofnunarinnar og u.þ.b. tveir mánuðir frá dagsetningu bréfsins, þar sem kærendum var gert að koma merkingunum í viðunandi horf, þar til síðari skoðunin var framkvæmd. Neytendastofa telji því ástæðu til að sekta kærendur og hafi sektunum verið stillt í hóf.
20. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 3. mars 2014, var kærendum kynnt greinargerð Neytendastofu og þeim boðið að koma að athugasemdum sínum eða frekari skýringum við hana. Svar barst með bréfi kæranda, dags. 8. apríl 2014. Þar er tekið fram að

kærendur geri athugasemdir við þá fullyrðingu í greinargerð Neytendastofu að starfsmaður Kaffi Klassík hafi kvittað fyrir komu starfsmanns Neytendastofu. Það sé með ólíkindum að krefja afleysingarstúlku á 17. ári um slíkt en spyrja ekki eftir yfirmanni. Þá veki athygli að í greinargerð Neytendastofu komi fram að matseðlar skyndibitastaða í Kringlunni hafi ekki verið skoðaðir. Samkvæmt lögum nr. 57/2005 og reglugerð nr. 537/2011 sé þess hvergi getið að skyndibitastaðir séu undanþegnin þeirri skyldu að tilgreina magn drykkja sem þeir selji. Á öðrum stað í greinargerðinni segi hins vegar að allir veitingastaðir sem starfræktir séu í Kringlunni hafi verið skoðaðir á sama tíma. Þetta stangist einkennilega á.

21. Þær staðhæfingar Neytendastofu, að allir veitingastaðir hafi verið skoðaðir, sanni ótvírætt að um mismunin hafi verið að ræða. Kringlukuráin, sem sé á sömu hæð og í nágrenni við veitingastaði kæranda, sé ekki skyndibitastaður heldur fínt veitingahús þar sem gengið sé um beina og matur seldur ásamt gosdrykkjum, bjór og víni. Á matseðli staðarins sé ekki getið um magn drykkja og þess sé raunar ekki getið að þar séu seldir drykkir. Hafi Neytendastofa skoðað matseðil Kringlukuráinnar og engar athugasemdir gert, sé um greinilega mismunun að ræða gagnvart kærendum. Miklu líklegra sé að engin skoðun hafi átt sér stað þó fullyrt sé um annað í greinargerð Neytendastofu. Það sé líka mismunun. Trúlega eigi einhver úr áfrýjunarnefndinni erindi í Kringluna og vonandi sjái hann sér fært að líta á matseðil Kringlukuráinnar til þess að sjá að ennþá séu engar upplýsingar um magn drykkja á matseðli sem hangi frammi. Þó séu liðnir meira en sex mánuðir frá skoðun starfsmanns Neytendastofu.
22. Greinilegt sé á greinargerð Neytendastofu að stofnunin hafi óhreint mjöl í pokahorninu. Fyrst sé sagt að skyndibitastaðir hafi ekki verið skoðaðir, en á næstu síðu sé fullyrt að allir veitingastaðir hafi verið skoðaðir. Trúlega hafi einungis veitingastaðir kæranda verið skoðaðir, enda hafi starfsmenn annarra veitingastaða, sem kærendur hafi rætt við, ekki kannast við slíka heimsókn. Kærendur ítreki að ekkert réttlæti sé í því að birta opinberlega að veitingastaðir kæranda í Kringlunni fari ekki að lögum í starfsemi sinni á meðan aðrir staðir séu þar látnir óáreittir, þrátt fyrir ófullkomna matseðla. Matseðlar kæranda hafi verið þeir stærstu og nákvæmustu af öllum veitingahúsum í Kringlunni. Kærendur hafi nú þegar greitt álagðar sektir og eins og áður segi muni sektirnar ekki ríða kærendum að fullu. Eðlilegt sé þó og sanngjarnt að sektin verði felld niður og kærendum endurgreitt.
23. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 12. maí 2014, var kærendum tilkynnt að gagnaöflun málsins væri lokið og það yrði tekið til úrskurðar nefndarinnar. Var og upplýst með vísan til 4. mgr. 9. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 að vegna mikilla anna nefndarinnar væru fyrirsjáanlegar nokkrar tafir á afgreiðslu málsins. Mættu aðilar vænta úrskurðar um miðjan júnímánuð.

## **NIÐURSTAÐA**

24. Í máli þessu leita kærendur endurskoðunar á ákvörðunum Neytendastofu þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að þeir hefðu brotið brotið gegn 17. gr. laga um eftirlit með

viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 og 5. mgr. 4. gr. reglna um verðupplýsingar við sölu á þjónustu nr. 537/2011 með því að tilgreina ekki magnstærðir drykkja í verðupplýsingum um drykkjarföng á veitingastöðum sínum. Ákvarðanirnar komu til í kjölfar tveggja athugana fulltrúa Neytendastofu á verðmerkingum á veitingastöðum kæranda þar sem niðurstaðan var í báðum tilvikum sú að magnupplýsingar skorti með verðskrá drykkjarfanga.

25. Samkvæmt 17. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 skal fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustað að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Í 17. og 18. gr. laganna er Neytendastofu veitt heimild til setningar frekari ákvæða um verðmerkingar og það hefur stofnunin gert með reglum nr. 536/2011. Í umræddum reglum kemur m.a. fram að veitingahús skuli ávallt hafa matseðil með verðskrá við inngöngudyr og að í verðupplýsingum um drykkjarföng skuli jafnframt tilgreina magnstærðir, sbr. m.a. 5. mgr. 4. gr. þeirra.
26. Í málinu liggja fyrir skjöl vegna áðurnefndra tveggja athugana Neytendastofu. Þannig liggur fyrir að á tímabilinu 15. – 29. júlí 2013 kom starfsmaður stofnunarinnar á veitingastaði kæranda og gerði athugasemdir við að ekki væri tilgreint magn drykkja í upplýsingum um drykkjarföng veitingastaðanna. Skildi starfsmaðurinn m.a. eftir bréf með upplýsingum um hvaða lög og reglur giltu um verðmerkingar á veitingastöðum. Með bréfi, dags. 2. ágúst 2013, var kærendum tilkynnt að málið væri til skoðunar stofnunarinnar. Kom og skýrlega fram að heimsókn starfsmanns Neytendastofu hefði leitt í ljós að verðmerkingum á veitingastöðum kæranda væri ábótavant og þeim tilmælum beint til kæranda að bæta úr því. Í bréfinu ítrekaði Neytendastofa einnig ákvæði laga og reglna um verðmerkingar.
27. Starfsmaður Neytendastofu fór aftur á veitingastaði kæranda 26. og 30. september 2013 til þess að kanna ástand verðmerkinga. Niðurstaða könnunarinnar var sú að ástandi verðmerkinga væri enn ábótavant á báðum veitingastöðunum, enda skorti á að tilgreindar væru magnupplýsingar drykkjarfanga á matseðli þeirra beggja. Skrifaði starfsmaður kæranda m.a. undir skjal Neytendastofu, þar sem fram kom að starfsmaður stofnunarinnar hefði kannað ástand verðmerkinga og komist að því að þær væru ekki í samræmi við lög.
28. Af framansögðu verður ráðið að verðmerkingar á veitingastöðum kæranda voru ekki í samræmi við lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 og reglur um verðupplýsingar við sölu á þjónustu nr. 537/2011 þegar athuganir Neytendastofu voru gerðar. Kærundur vísa hins vegar til þess að þeir hafi þegar bætt úr ástandi verðmerkinga á báðum stöðunum og að gengið verði úr skugga um að matseðlar með magnupplýsingum hangi uppi. Þau sjónarmið kæranda geta á hinn bóginn ekki breytt því að ástand verðmerkinga á báðum veitingastöðunum braut gegn lögum nr. 57/2005 og reglum nr. 537/2011 þegar athuganir Neytendastofu voru gerðar. Skyldan til fullnægjandi verðmerkinga samkvæmt áðurgreindum ákvæðum er fortakslaus og tilvísun kæranda til þess að vinna við bættu matseðla standi yfir getur ekki leyst þá undan þeirri skyldu.

29. Stjórnvaldssektirnir í hinum kærðu ákvörðunum voru ekki lagðar á fyrr en að loknum tveimur athugunum Neytendastofu á veitingastöðum kæranda, sem báðar leiddu í ljós ófullnægjandi ástand verðmerkinga, og kærendum var líkt og áður greinir gefinn kostur á að bæta úr ástandi verðmerkinga áður en til sektanna kom. Það gerðu þeir ekki og við þær aðstæður var í samræmi við meðalhófsreglu stjórnsluréttar, sbr. 12.gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, að leggja sektirnar á. Þá verður að telja fjárhæð sektanna í hóf stillt með tilliti til þeirra marka sem sett eru fram í 2. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005.
30. Samkvæmt öllu ber að staðfesta hina kærðu ákvörðun.

### **ÚRSKURÐARORÐ:**

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Hildur Dungal

Egill Heiðar Gíslason

Halldóra Þorsteinsdóttir